



Samtök Sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hamraborg 9
200 Kópavogur

Reykjavík 8. maí 2020
Tilvísun: 1809310/5.3.0

Efni: Umsögn um kynningu á sameiginlegri verk- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar

Nú er til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda kynning á sameiginlegri verk- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2012-2024 og Reykjavíkurborgar 2010-2030. Í framangreindri verk- og matslýsingu er gert er ráð fyrir því að fyrsti áfangi Borgarlínu liggi meðfram Nauthólsvegi. Tilkoma Borgarlínunnar mun væntanlega léttu verulega á þeim aukna umferðarþunga sem er á Nauthólsvegi og Flugvallarvegi, nokkuð sem starfsmenn Landhelgisgæslunnar verða óneitanlega varir við.

Flugrekstur Landhelgisgæslu Íslands er gerður út frá Reykjavíkflugvelli, en á flugvellið er miðstöð leitar- og björgunarflugs á Íslandi og jafnframt sjúkraflugs. Rekstur flugdeildar Landhelgisgæslunnar er einnig mikilvægur hlekkur í almannavörnum á landinu. Flugskýli Landhelgisgæslunnar er frá tímum síðari heimstyrjaldarinnar og önnur starfsemi stofnunarinnar á flugvellið er í bráðabirgðahúsnæði sem komið er til ára sinna. Landhelgisgæslan hefur nýverið fengið tvær nýlegar leiguþyrlur í sína þjónustu og fyrirhugað er að bæta einni þyrlu við flotann í stað TF-LIF sem er nú í eigu Landhelgisgæslunnar. Það er því ljóst að með tilkomu þessara þyrlna og að teknu tilliti til öryggis- og brunavarna, að komið er að endurnýjun á aðstöðu stofnunarinnar á flugvellið. Landhelgisgæslan vill því áréttu að við frekari ákvörðun um legu Borgarlínunnar á þessum stað er afar mikilvægt að haft sé tilhlýðilegt samráð við stofnunina svo að hægt sé að taka tillit til hagsmuna allra aðila. Þannig verði hægt að tryggja að flugrekstur stofnunarinnar á svæðinu skerðist ekki.

Virðingarfyllt,

Guðríður Kristjánsdóttir
Yfirlögfræðingur